



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

saga hljómsveitarinnar 1993-2009

*miðlun á vefsvæðinu
<http://saga.sinfonianord.is>*

Verkefni til M.A.-prófs

Magna Guðmundsdóttir

Janúar 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt menningarmiðlun

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

saga hljómsveitarinnar 1993-2009

Verkefni til M.A.-prófs

Magna Guðmundsdóttir

Kt.: 220757-3239

Leiðbeinandi: Anna Hinriksdóttir

Janúar 2010

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Markmið	4
Um heimildir	5
Vefur.....	7
Vinna með vefara.....	9
Söfnun og skráning upplýsinga	10
Vefviðmót.....	13
Texti á vefinn.....	16
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.....	16
Skipulagsskrá SN.....	19
Samningar.....	20
Starfsfólk Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.....	22
Starfsemi-Tónleikar	23
Tónleikaferð til Grænlands september 2002	27
Skólatónleikar.....	28
Útgefið efni.....	29
Samstarfsaðilar	30
Lokaorð.....	37
Heimildir.....	38
Fylgiskjöl	

Inngangur

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN) var stofnuð haustið 1993 og hélt sína fyrstu tónleika þann 24. október það ár. Fyrirrennari SN, Kammerhljómsveit Akureyrar, var stofnuð árið 1987 og hafði þá þegar haldið fjölmarga tónleika.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur haldið yfir 100 tónleika fyrir almenning og hátt í 200 skólatónleika á fyrstu sextán starfsárunum, eða frá haustinu 1993 til vors 2009. Lítið er til af skriflegum heimildum frá fyrstu árum hljómsveitarinnar og atburðir sem ekki eru skráðir falla fljótt í gleysku en þó er óhætt að fullyrða að á þessum sextán árum hefur hljómsveitin tekið miklum breytingum og fest sig í sessi á Norðurlandi.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands stendur um þessar mundir á tímamótum því að á Akureyri er í byggingu menningarhús með tónleikasal sem tekur 500 gesti í sæti. Upphaflega var áætlað að byggingu hússins yrði lokið haustið 2009 en verkinu var frestað um eitt ár vegna erfiðs efnahagsástands í þjóðfélaginu. Það er áætlað að menningarhúsið sem fengið hefur nafnið Hof verði tekið í notkun á afmæli Akureyrar í lok ágúst 2010. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fær þá langþráð húsnæði til tónleikahalds og aðstöðu til að vinna að undirbúningi og æfingum fyrir tónleika. Einnig verður SN með skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Meðal annars vegna þessara tímamóta ákvað ég að taka saman upplýsingar um hljómsveitina og skrásetja sögu hennar fyrstu sextán árin.

Markmið

Markmið með verkefninu er að taka saman á einn stað það starf sem hefur verið unnið í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands frá stofnun hennar. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að fara í þetta verkefni helgast fyrst og fremst af áhuga mínum á starfi hljómsveitarinnar. Ég var þátttakandi í stofnun hennar og hef allt frá upphafi komið að starfinu á einn eða annan hátt, sem hljóðfæraleikari, stjórnarmaður og nú síðustu árin sem framkvæmdastjóri.

Markmið mitt var að taka saman:

- Upplýsingar um tónleika SN og þá listamenn sem unnið hafa með hljómsveitinni
- Fundagerðir, ársskýrslur og samninga
- Upplýsingar um stjórn og starfsmenn árin 1993-2009
- Annað tiltækt efni um SN

Þessar upplýsingar nýtti ég til að skrá sögu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Ég hafði strax hug á því að setja verkefnið á vef og fyrir því voru ýmsar ástæður. Ég tel vefinn afar hentugan miðil til að setja fram slíkar upplýsingar. Vefurinn hefur einnig þann kost að hann er hann opnari en ritgerð sem gefin er út á pappír eða í bókarformi. Einnig hefur vefurinn þann kost að auðvelt er að bæta inn nýju efni og uppfæra hann reglulega. Hægt er að nálgast efni vefsins hvar sem er og hvenær sem er, hver síða í vefnum er sjálfstæð og vefgestur ræður för.

Einnig tel ég mikilvægt fyrir framtíðina að þær upplýsingar sem hér er að finna um hljómsveitina séu til, að þær séu aðgengilegar og auðvelt að nálgast þær ekki síst vegna þess að bæði Akureyrarbær og ríkið hafa lagt fram töluvert fé til hljómsveitarstarfsins á liðnum árum. Á vefsíðunni koma fram upplýsingar varðandi fjármagn frá hinu opinbera sem SN hefur fengið.

Vefurinn sem ber nafnið *Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, saga hljómsveitarinnar 1993-2009*, verður með tengingu við vef Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Um heimildir

Talsvert af gögnum frá upphafsárum hljómsveitarinnar hafa glatast eða ekki verið hirt um að halda þeim til haga. Fyrir því eru eflaust ýmsar ástæður, m.a. að fyrstu tíu árin voru tíð skipti á framkvæmdastjórum hljómsveitarinnar og einnig að aðeins var um hlutastarf að ræða, lengst af ekki nema 25% starfshlutfall. Hljómsveitin átti heldur ekki sína eigin tölvu og voru því gögn gjarnan vistuð í tölvum viðkomandi starfsmanna og ekki tekin afrit af þeim. Það var ekki fyrr en haustið 2002 að hljómsveitin eignaðist sína eigin tölvu og eru því hlutir eftir þann tíma aðgengilegri.

Ég varði talsverðum tíma í að fara í gegnum pappíra sem voru komnir í geymslu og skrá þá í tölvu, safna gögnum til að fá skýra heildarmynd af starfi hljómsveitarinnar. Ég hef einungis fundið hluta af fundagerðum frá stjórnarfundum hljómsveitarinnar og það sama á við um ársskýrslur hljómsveitarinnar.

Tónleikaskrár

Tónleikaskrár hljómsveitarinnar eru þær heimildir sem ég nýti hvað helst við skráningu í gagnagrunninn. Í þeim koma fram helstu upplýsingar varðandi tónleika sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur haldið.

Ársskýrslur

Ársskýrslur til menningarmálanefndar Akureyrar, síðar stjórnar Akureyrarstofu, hafa verið sendar frá hljómsveitinni til að gera grein fyrir starfi hljómsveitarinnar. Ársskýrslur frá starfsárinu 1998-1999 og síðan frá hausti 2001 til ársloka 2002 hafa ekki fundist.

Fundagerðir

Fundagerðir sem til eru frá fundum stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hef ég lesið og getað nýtt mér talsvert við vinnuna til að fá heildstæða mynd af starfi SN. Fundagerðirnar verða birtar á vefnum.

Fjölmiðlar

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur fengið nokkra umfjöllun í fjölmiðlum, sérstaklega í kringum tónleika, annars vegar umfjöllun um tónleikana sem gjarnan

birtist í formi fréttatilkynninga og/eða viðtala og hins vegar gagnrýni eftir tónleikana. Tók ég saman lista yfir greinar sem eru aðgengilegar á tímarit.is

Frásagnir

Fjórir aðilar sem hafa komið mikið við sögu hljómsveitarinnar voru fengnir til að skrá ákveðna þætti í sögu SN. Jón Hlöðver Áskelsson, fyrrverandi starfsmaður Kammerhljómsveitar Akureyrar, skrifar um *Kammerhljómsveit Akureyrar 1986-1993*. Helgi Þ. Svavarsson, fyrrverandi skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri og jafnfram hljóðfæraleikari í SN skrifar um *Sambúð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Tónlistarskólans á Akureyri*. Sigurbjörg Kristínardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri SN, skrifar um *Tónleikaferð til Grænlands september 2002* og loks ritar Guðmundur Óli Gunnarsson aðalhljómsveitarstjóri *Hugleiðingar um þróun í leik SN*.

Útgefið efni

Á vefnum er sýnishorn af því sem gefið hefur verið út með leik hljómsveitarinnar. Hægt verður að nálgast það efni í gegnum „youtube“.

Vefsmíðar

Ritið *Vefsmíðar – viðmót, hönnun og verklag* eftir Gunnar Grímsson hafði ég til hliðsjónar til að fá betri hugmyndir um heim vefsins og hvernig gott er að hugsa uppsetningu texta á vef.

Vefur

Eftir að ég tók þá ákvörðun að birta verkefnið á vef vöknudu ýmsar spurningar varðandi birtingamynd verkefnisins á vefnum. Tvær leiðir komu til greina: Önnur var sú að skrifa sögu SN sem væri birt í ritgerðarformi á vefnum, í PDF formi, einungis með þann möguleika að efnið væri til aflestar á netinu og áhugasamir gætu einnig prentað það út. Hin leiðin var að fá vefara til að gera gagnagrunn. Í gagnagrunninn væru skráðar upplýsingar um hljómsveitina sem möguleiki væri síðan að kalla fram á mismunandi hátt.

Ég valdi þá leið að fá vefara til að gera gagnagrunn og fékk til liðs við mig Ásgeir Úlfarsson, nemandi í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Hann útskýrði þá möguleika sem slíkur gagnagrunnur getur boðið upp á og var það afar víðfeðmt svið. Í samráði við hann tók ég þá ákvörðun að þetta væri fastur vefur með sögulegum upplýsingum um hljómsveitina, ekki síbreytilegur fréttavefur. Hins vegar ræddum við hvort sá möguleiki ætti að vera fyrir hendi að uppfæra vefinn árlega.

Hann skildi mig eftir með spurningar og vangaveltur varðandi það hvernig ég vildi að vefurinn liti út og hvaða möguleika ég teldi að hann ætti að gefa vefgestum, svo og hvaða og hvernig tengingar ég vildi sjá á milli efnispátta.

Í framhaldinu setti ég niður þá þætti sem ég taldi að nauðsynlegt væri að hafa í huga við gerð vefsins.

Vefurinn þarf að hafa gott viðmót

Gott vefviðmót er það viðmót sem gerir sem flestum auðvelt að finna þær upplýsingar sem vefurinn geymir á sem skemmstum tíma¹

Skýr uppsetning á forsíðu, einfalt gagnsætt útlit. Aðaltenglar með lýsandi nöfnum og mikilvægt að þeir sjáist allir þegar vefurinn er opnaður.

Myndir úr starfi SN á forsíðu ásamt inngangi sem segir í stuttu máli hvers konar vefur þetta er og hvaða upplýsingar vefgestur getur fundið á vefnum.

Vefurinn þarf að vera einfaldur og aðgengilegur

Vefgestur á ekki að smella oft til að fá þær upplýsingar sem leitað er eftir, lágmarka það við tvo til þrjá smelli

¹ Gunnar Grímsson, bls. 6

Vefurinn þarf að vekja forvitni

Að skipulag og útlit vefsins sé með þeim hætti að hann vekji áhuga vefgesta. Þegar vefgestur hefur farið inn á forsíðuna geri innihald og uppsetning vefsins vefgestinn það forvitinn að hann langi til að halda áfram.

Vefurinn þarf að vera upplýsandi

Að vefurinn sé upplýsandi og að sá sem skoðar hann verði fróðari um starfsemi SN en áður en af stað var farið.

Vinna með vefara

Að þessu loknu fór í gang vinna með vefara. Fórum við í sameiningu yfir þá möguleika sem vefurinn býður upp á og hvernig ég vildi nýta mér grunninn. Einfaldur og aðgengilegur vefur var það sem ég þurfti að hafa í huga. Við gerðum lista fyrir þau efnisatriði sem setja átti inn í gagnagrunninn. Síðan skráðum við alla þætti sem hugsanlegir voru með það í huga að þrengja síðan og afmarka betur.

Eftir þessa skráningu var ljóst að miðjan eða inngagnspunktur í gagnagrunninn væru annars vegar tónleikar hljómsveitarinnar og hins vegar starfsárin. Út frá þessum þáttum koma síðan tengingar við aðra efnisþætti. Þá bjuggum við til skýringamynd til að átta okkur betur á þeim þáttum sem í grunninum ættu að vera og tengingum milli þeirra. (*fylgiskjal 1*).

Þessir þættir eru með tengingar innbyrðis þannig að hægt er að kalla fram ákveðna þætti og nánast leika sér með þær upplýsingar sem í grunninum eru. Sem dæmi má nefna að ef leitað er eftir tónleikum þá er hægt að kalla fram upplýsingar um hvað var á efnisskrá, hverjir voru hljóðfæraleikarar, búseta hljóðfæraleikara, sólistar, stjórnendur, hvar tónleikarnir voru haldnir, fjöldi tónleikagesta o.s.frv. Eins á að vera hægt að nálgast upplýsingar út frá starfsárum, hvaða tónleikar voru á viðkomandi starfsári, hver var framkvæmdastjóri, hvernig var stjórn SN skipuð o.s.frv.

Fleiri leiðir er einnig hægt að fara, t.d. að finna nafn hljóðfæraleikara, á hvaða tónleikum viðkomandi hefur spilað, verk eftir hvaða tónskáld var spilað á þeim tónleikum og leika sér síðan áfram með spurningar um tónskáldið og þannig koll af kalli. Það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi til að kalla fram upplýsingar úr grunninum.

Söfnun og skráning upplýsinga

Því næst hófst söfnun upplýsinga og skráningaferlið. Vinna mín við söfnun og skráningu heimilda var tvíþætt. Annars vegar skráði ég í texta sögu hljómsveitarinnar og hins vegar skráði ég staðreyndir og tölulegar upplýsingar í excel-skjal.

Ég byrjaði vinnuna á því að safna upplýsingum sem ég skráði í excel-skjal. Inngangspunktur í grunninn eru sem fyrr segir annars vegar tónleikar hljómsveitarinnar og hins vegar starfsárin. Skráning upplýsinga miðast við að tengja margvíslegar upplýsingar við þessa þætti. Tónleikar var sá þáttur sem ég byrjaði á og hér koma þeir efnisþættir sem standa á bak við eina tónleika

Eftirfarandi þættir voru skráðir:

Starfsár

Dagsetning tónleika

Tónleikastaður

Stjórnandi

Sólisti/Sögumaður

Leiðari

Fjöldi hljóðfæraleikara

Fjöldi nemenda sem leika með

Búseta hljóðfæraleikara

Kór (ef kór var þátttakandi)

Fjöldi gesta

Efnisskrá tónleikanna,

heiti tónverka, höfundur, fæðingarár (sjá fylgiskjal 2)

Prentaðar tónleikaskrár SN sem gefnar eru út fyrir hverja tónleika voru mín helsta heimild varðandi skráninguna.

Samtals voru þetta 108 almennir tónleikar á sextán starfsárum. Upplýsingar varðandi fjölda gesta á tónleikum voru ekki alltaf fyrir hendi en aðrar upplýsingar voru tiltækar í útgefnum tónleikaskráum. Þetta var grunnurinn sem síðan var unnið út frá. Að skráningu lokinni voru þessar upplýsingar teknar saman í eitt skjal.

Á þessu stigi málsins var hægt að lesa úr gögnunum ýmsar upplýsingar. Til dæmis var nú hægt að sjá að fjöldi hljóðfæraleika sem leikið höfðu með hljómsveitinni á þessum

sextán árum var 333. Einnig mátti sjá að verk hljóðfæraleikara voru alls 3.614, þar af eru verk nemenda 579. Búseta hljóðfæraleikara skiptist eftir landshlutum sem hér segir: Akureyri/landsbyggðin, 2.560 manns og höfuðborgarsvæðið, 1.154 manns.

Að þessu loknu var hverjum tónleikum gefið nafn sem vísaði á sérstöðu tónleikanna, sem dæmi: Carmina Burana, Gloría í Gleráarkirkju, Hallelúja á skírdag, Blásið til veislu o.s.frv.

Til að auðvelda að innsetningu í gagnagrunninn þá fékk hver þáttur sitt ID númer og sína síðu í excel-skjali.

Tónleikar, ID númer frá 1-108

Tónleikastaðir, ID númer frá 1-29

Nöfn hljóðfæraleikara, ID númer frá 1-333

Nöfn einleikara/einsöngvara, ID númer frá 1-108

Nöfn leiðara, ID númer frá 1-12

Nöfn stjórnenda, ID númer frá 1-5

Kórar, ID númer frá 1-32

Tónverk, ID númer frá 1-384

Tónskáld, ID númer frá 1-131

Nöfn samstarfsaðila, ID númer frá 1-13

Skólatónleikar, ID númer frá 1-7

Framkvæmdastjórar, ID númer frá 1-9

Stjórn SN, ID númer frá 1-28

Útgefið efni, ID númer 1-3

Þegar því var lokið var hver þáttur tekinn til nánari skráningar og hvert atriði tengt við ID númer hverra tónleika. Einnig var og bætt við nýjum þáttum sem ekki voru með beina tengingu við tónleikanna sjálfa, voru fremur með tengsl við starfsár (*fylgiskjal 3*). Þegar lokið var að skrá 108 tónleika á þennan hátt var ýmislegt fleira sem hægt var að lesa út úr skráningunni. Sem dæmi má nefna að nú var hægt að sjá á hvaða tónleikum hver hljóðfæraleikari spilaði og hversu margar sinfóníur eftir Beethoven hljómsveitin hafði leikið í gegnum árin. Verk eftir 131 tónskáld höfðu verið á efnisskrá SN á tímabilinu, þar af voru 27 íslensk tónskáld.

Upplýsingasöfnun og skráningu gagna var að mestu lokið í endaðan október og fékk þá vefhönnuður efnið í hendur og samþykkti að skráning væri á því formi að auðvelt væri að „strauja“ inn í gagnagrunninn.

Samhliða þessari upplýsingasöfnun skráði ég í tölvu talsvert af upplýsingum sem einungis voru til á pappír. Þar má m.a. nefna fundagerðir og ársskýrslur.

Þá var komið að því að skrifa texta um sögu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem færi á vefinn. Heimildir sem ég nýtti við skrifin voru m.a. fundagerðir, ársskýrslur, tónleikaskrár, samningar og fl. Ég hafði í huga mikilvægi þess að texti sem fer á vefsíðu þarf að vera auðlesinn, skýr og gagnorður. Einnig hafði ég það í huga að vefgestir fara mismunandi leiðir inn á vef þannig að hver síða þarf að standa fyrir sínu. Vefur er lesinn á annan hátt en bók.

Vefviðmót

Eftir að skráningu í gagnagrunn og textaskrifum lauk var komið að því að ákveða í samráði við vefara útlit síðunnar, aðkomu gagnvart vefgestum. Einfalt og aðgengilegt útlit var það sem ég óskaði eftir. Að á forsíðu væri valmynd sem beindi vefgesti inn á vefinn.

Í fyrstunni var hugmynd mín að textaskrif um hljómsveitina stæðu fyrir utan gagnagrunninn, væru fastar síður. Við nánari skoðun og viðræður við vefarann var niðurstaðan sú að textaskrifin færu að hluta til inn í gagnagrunninn. Allur texti sem möguleiki var að tengja grunninum var tengdur þangað. Aðrir þættir sem ekki voru með beina tengingu í grunninn, fóru undir fastar síður. Í framhaldinu gerði ég nokkurs konar efnisyfirlit, valmynd á forsíðuna með tengingu í gagnagrunninn annars vegar og inn á fastar síður hins vegar. Niðurstaðan var að setja inn tvær mismunandi valmyndir á forsíðuna, valmynd A sem ber heitið *Gagnagrunnur* og valmynd B sem ég kalla *Um hljómsveitina*

Valmynd A *gagnagrunnur* beinir vefgesti á flýtleiðir á síðunni og í gegnum það er hægt að komast í allar upplýsingar sem í grunninum eru.

Eftirfarandi efnisþættir eru á valmyndinni:

Starfsár

Tónleikar

Tónleikastaðir

Tónskáld

Tónverk

Hljóðfæraleikarar

Sólistar

Hljómsveitastjórar

Kórar

Skólatónleikar

Leiksýningar

Útgefið efni

Starfsfólk SN

Stjórn SN

Valmynd B, *Um hljómsveitina*

Eftirfarandi efnisþættir eru á valmyndinni:

Stofnun SN

Samningar

Starfsemi - Tónleikar

Hljóðfæraleikarar

Tónverk samin fyrir SN

Ferð til Grænlands

Útgefið efni

Samstarfsaðilar

Fundagerðir

Ársskýrslur

Frásagnir

Myndir úr starfi SN

Fjölmiðlaumfjöllun

Heimildir

Á forsíðunni verður síðan inngangur að verkefninu þar sem kemur fram hvers vegna ráðist var í þetta verkefni og hvernig vefsvæðið virkar. Þar er einnig mynd af hljómsveitinni.



Skjaskot af forsíðu



Valmynd A, skjaskot af undirsíðu

Vinna með vefara var mikil á lokasprettinum. Það voru ýmis praktísk atriði sem þurfti að taka afstöðu til, sérstaklega varðandi útlit og birtingamynd á vefnum. Stærsta málið var valmynd B, hvernig sá texti sem þar er á bak við birtist. Niðurstaðan var að setja þann texta yfir á PDF skjöl sem sótt eru í gegnum „google dock“. Að mínu mati var þetta besta lausnin, framsetning á þennan máta skýr og auðvelt fyrir vefgesti að stækka letur.



Valmynd B, skjáskot af undirsíðu

Þessi vefur er dæmigerður gagnabanki og hannaður sem slíkur. Í grunninum er mikið magn af gögnum sem möguleiki er að skoða frá mismunandi sjónarhornum. Á forsíðunni eru 14 mismunandi inngangar í grunninn. Sem dæmi um mismunandi möguleika á að kalla fram upplýsingar þá eru tengingar tónleika við tónlistarfólk yfir 3600 færslur í gagnagrunninum. Í grunninum eru upplýsingar tengdar á marga mismunandi vegu sem gerir það að verkum að hver vefgestur fer sína eigin leið þegar vefurinn er skoðaður.

Texti á vefinn

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Undirbúningur og aðdragandi að stofnun SN

Skipulagsskrá SN

Samningar

Samningur SN við Akureyrarbæ

Samningur SN við FÍH

Starfsfólk Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Framkvæmdastjórar

Annað starfsfólk

Starfsemi - Tónleikar

Verkefni

Tónverk samin fyrir SN

Hljóðfæraleikarar

Sólistar/sögumenn

Hljómsveitastjórar

Tónleikastaðir

Tónleikaferð til Grænlands

Skólatónleikar

Tónverk samin fyrir skólatónleika

Útgefið efni

Stúlkan í turninum

Afmælistónleikar BM – Vallá

Tónaveisla-Listalífi

Samstarfsaðilar

Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju

Knattspyrnudeild Þórs

Kórastefna við Mývatn

BM-Vallá

Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar

Leikfélag Akureyrar

Tónlistarskólinn á Akureyri

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Undirbúningur og aðdragandi að stofnun SN

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN) var stofnuð haustið 1993 og hélt sína fyrstu tónleika þann 24. október það ár. Fyrirrennari SN, Kammerhljómsveit Akureyrar, var stofnuð árið 1987 af hljóðfæraleikurum sem flestir voru starfandi kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri. Við skólann hafði til margra ára verið starfrækt nemendahljómsveit sem kennarar veittu liðsauka þegar tónleikar nálguðust. Hélt sú hljómsveit tónleika undir nafninu Kammerhljómsveit Tónlistarskólans á Akureyri. Á níunda áratug síðustu aldar varð hlutur kennara og utanaðkomandi hljóðfæraleikara í

Þeirri hljómsveit sífellt meiri og 1987 var nafni hljómsveitarinnar breytt og tónleikar haldnir í fyrsta skipti undir merkjum Kammerhljómsveitar Akureyrar. Þann 16. október 1988 var stofnað Félag áhugamanna um rekstur Kammerhljómsveitar Akureyrar. Tilgangur félagsins var að vera nokkurskonar bakhjarl hljómsveitarinnar og veita aðstoð við framkvæmd tónleika í sjálfböðavinnu. Hljómsveitin fékk á þessum tíma nokkurn fjárstuðning frá Akureyrarbæ.

Í lögum Félags áhugamanna um Kammerhljómsveit Akureyrar segir m.a.

Tilgangur félagsins er

- að stuðla að auknu tónlistarlífi og menningarstarfsemi á Norðurlandi
- að efla starfsemi Kammerhljómsveitar Akureyrar og taka þátt í rekstri hennar
- að stuðla að því að hljómsveitin geti reglulega haldið tónleika með vönduðu og fjölbreyttu verkefnavali.²

Kammerhljómsveit Akureyrar óx og dafnaði á næstu árum og hélt fjölmarga tónleika. Það var ljóst frá upphafi að mannaflí til að skipa stóra hljómsveit var ekki nægur á Akureyri og nágrenni þannig að oft var leitað eftir liðsauka á höfuðborgarsvæðinu og þá gjarnan fengnir til liðs við hljómsveitina brottfluttir Akureyringar sem voru starfandi tónlistarmenn á höfuðborgarsvæðinu.

Ýmsir hljómsveitarstjórar komu við sögu Kammerhljómsveitar Akureyrar. Sá sem þó oftast hélt um tónsprotann á þessum árum var Roar Kvam sem þá var starfandi kennari og hljómsveitarstjóri við Tónlistarskólann á Akureyri. Þegar Kammerhljómsveitin hafði skipað sér fastan sess í tónlistarlífinu á Akureyri var farið að vinna að því að styrkja stöðu hennar, m.a. með því að afla styrkja frá ríkinu.

Haustið 1993 var nafni Kammerhljómsveitar Akureyrar breytt og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands formlega stofnuð. Var þetta m.a. gert að ráði Ingólfs Ármannssonar menningarfulltrúa Akureyrarbæjar til að auðveldara væri að leita fjárstuðnings frá ríkinu sem á þessum tíma fór að styðja við rekstur hljómsveitarinnar, fyrst beint en síðar í gegnum samning við Akureyrarbæ. Þótti fulltrúum menntamálaráðuneytisins

² Kammerhljómsveit Akureyrar, 2. grein 1988

auðveldara að réttlæta fjárframlög til hljómsveitarinnar ef hún bæri nafn sem einskorðaði sig ekki við Akureyri heldur allt Norðurland.

Félag áhugamanna um Kammerhljómsveit Akureyrar hélt aðalfund þann 5. október 1993. Á þeim fundi var lagt til að félagið sameinaðist Tónlistarfélagi Akureyrar og þessi félag í sameiningu kæmu að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Fyrstu tónleikar SN voru haldnir í Akureyrarkirkju 24. október 1993 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar sem stjórnað hafði tónleikum Kammerhljómsveitarinnar síðasta starfsár hennar. Guðmundur Óli hafði stundað nám í hljómsveitarstjórn í Hollandi og Finnlandi og var á þessum tíma nýráðinn skólastjóri við Tónlistarskólann á Akureyri. Á efnisskrá tónleikanna var forleikur að Töfraflautunni eftir W. A. Mozart og flautukonsert eftir sama höfund og síðan Sinfónía nr. 1 eftir Ludwig van Beethoven. Einleikari á flautu var Martial Nardau. Á þessum tónleikum var hljómsveitin skipuð 38 hljóðfæraleikurum.

Skipulagsskrá SN

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er sjálfseignarstofnun og hefur það að meginmarkmiði að stuðla að auknu tónlistar- og menningarlífi á Norðurlandi.

Skipulagsskrá fyrir hljómsveitina var staðfest af dómsmálaráðherra 10. júní 1994. Áhugamannafélag um Kammerhljómsveit Akureyrar gekk til liðs við Tónlistarfélag Akureyrar sem var síðan falið það hlutverk að tilnefna 3 fulltrúa í hljómsveitarráð SN á móti tveimur fulltrúum fastra hljóðfæraleikara og einum fulltrúa menningarmálanefndar Akureyrar.

Í 6. grein skipulagsskrárinnar segir:

Hljómsveitarráð skal skipað 6 mönnum sem skipaðir eru til eins árs í senn:

- a) Stjórn Tónlistarfélags Akureyrar tilnefnir formann og tvo aðra fulltrúa og skulu þeir ekki gegna föstu starfi hjá hljómsveitinni.*
- b) Fastir hljóðfæraleikarar hljómsveitarinnar, sbr. 4. mgr. 8. gr., tilnefna 2 fulltrúa.*
- c) Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir 1 fulltrúa³.*

Þannig var stjórn Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands skipuð allt til haustsins 2002 en þá var skipulagsskrá hljómsveitarinnar breytt þannig að nú tilnefnir Stjórn Akureyrarstofu þá fulltrúa sem stjórn Tónlistarfélagsins tilnefndi áður. Þessi breyting á skipulagsskrá hljómsveitarinnar kom m.a. til vegna þess að Akureyrarbær var farinn að leggja umtalsvert fé til reksturs hljómsveitarinnar og þótti því eðlilegt að bærinn tilnefndi meirihluta fulltrúa í hljómsveitarráð.

³ Skipulagsskrá SN, 10. júní 1994

Samningar

Samningur við Akureyrarbæ

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fær rekstrarframlag frá Akureyrarbæ og ríkinu samkvæmt sérstökum samningi þessara aðila. Hefur rekstrarframlag hljómsveitarinnar aukist úr 4 milljónum í 27,5 milljónir króna frá árinu 1993 til ársloka 2009.

Samningur undirritaður í september 1993:

Ríkissjóður greiði árlega kr. 2.000.000- tvær milljónir – og Akureyrarbær jafnháa upphæð til reksturs hljómsveitarinnar á tímabilinu 1. janúar 1994 til 31. desember 1995⁴

Samningur undirritaður 1996:

Akureyrarbær greiðir til hljómsveitarinnar kr. 4.500.000 - fjórar og hálf milljón - árið 1996 og kr. 5.000.000 - fimm milljónir - hvert ár árin 1997 - 1999.⁵

Samningur undirritaður 2000:

Akureyrarbær greiðir 7.000.000 kr. til reksturs Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á árinu 2000 og 10.000.000 kr. á árinu 2001 og 18.000.000 kr. á árinu 2002.⁶

Samningur undirritaður í september 2004:

Akureyrarbær leggur til starfseminnar eftirfarandi fjárhæðir á samningstímanum: kr. 19.000 þús. árið 2004, kr. 22.000 þús.- árið 2005 og kr. 24.000 þús.- árið 2006⁷

Samningur undirritaður í mars 2007:

Akureyrarbær leggur til starfseminnar eftirfarandi fjárhæðir á samningstímanum: kr. 26.500 þús. árið 2007, kr. 27.500 þús.- árið 2008 og kr. 28.500 þús.- árið 2009.⁸

Þessir samningar hafa að mestu leyti gengið eftir. Árið 2003 var hljómsveitin sammingslaus en fékk greiðslu frá Akureyrarbæ skv. samningi fyrra árs. Árið 2009 urðu þær breytingar á samningnum að hækkun á framlögum voru teknar út og sama greiðsla

⁴ Samningur SN og Akureyrarbæjar frá árinu 1993

⁵ Samningur SN og Akureyrarbæjar frá árinu 1996

⁶ Samningur SN og Akureyrarbæjar frá árinu 2000

⁷ Samningur SN og Akureyrarbæjar frá árinu 2004

⁸ Samningur SN og Akureyrarbæjar frá árinu 2007

var árin 2008 og 2009. Var þessi breyting á samningnum gerð í samræmi við annan niðurskurð hjá Akureyrarbæ í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu.

Samningur SN við FÍH

Haustið 2005 var undirritaður kjarasamningur milli Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands annarsvegar og Félags íslenskra hljómlistarmanna hinsvegar um kaup og kjör hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þetta var stórt skref fyrir hljómsveitina og hljóðfæraleikarana. Samningurinn var gerður til þriggja ára og í október 2008 var hann endurnýjaður til eins árs. Stefnt er að því að innan fárra ára verði laun hjá SN sambærileg við laun lausráðinna hljóðfæraleikara hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Með það í huga gerðu samningamenn eftirfarandi bókun í samninginn:

Aðilar samninga þessa eru sammála um að stefnt skuli að því að innan 5 ára verði laun hljómlistarmanna starfandi hjá SN sambærileg launum lausráðinna hljómlistarmanna Sinfóníuhljómsveitar Íslands⁹

⁹ Samningu milli SN og FÍH frá 2. okt. 2008

Starfsfólk Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Framkvæmdastjórar

Við stofnun SN haustið 1993 var ákveðið að ráða framkvæmdastjóra. Um var að ræða lítið starfshlutfall fyrstu árin og stundum var verkefnaráðið fyrir hverja tónleika. Með auknum fjárframlögum til hljómsveitarinnar varð þó smám saman breyting á og sumarið 2002 var starf framkvæmdastjóra orðið fullt starf. Allmargir framkvæmdastjórar komu við sögu á fyrstu árum hljómsveitarinnar og margir hverjir stoppuðu stutt við. Það var ekki fyrr en starfshlutfallið var orðið ásættanlegt að breyting varð á því.

Framkvæmdastjórar SN hafa verið: Þórgnýr Dýrfjörð (1993-1995), Hafliði Helgason (1995-1996) Magna Guðmundsdóttir (1996-1997), Margrét Björgvinsdóttir (1997-1998), Björn Þórarinnsson (1998), Olga Pálsdóttir (1998-1999), Sigurbjörg Kristínardóttir (1999-2000), Þuríður Vilhjálmisdóttir (2001), Þórarinn Stefánsson (2001-2002), Sigurbjörg Kristínardóttir (2002-2003) og Magna Guðmundsdóttir (frá hausti 2003).

Aðrir starfsmenn

Lárus H. List hefur gegnt starfi sviðsmanns og aðstoðarmanns framkvæmdastjóra frá árinu 1999 Fram að þeim tíma höfðu ýmsir komið að því að undirbúa svið og tónleikasali fyrir tónleika. Oft nýttu foreldrafélög við Tónlistarskólann á Akureyri þessa vinnu sem fjáröflun. Eftir að Lárus tók við starfinu hefur það komið í hans hlut að sjá um sviðsbúnað hljómsveitarinnar, alla flutninga til og frá tónleikastað og síðan en ekki síst að búa til svið og gera allt klárt fyrir æfingar og tónleika.

Á árunum 2005-2008 fjölgaði verkefnum hljómsveitarinnar talsvert m.a. vegna þess að ýmsir utanaðkomandi aðilar fengu hljómsveitina til samstarfs. María Vilborg Guðbergisdóttir var framkvæmdastjóra til aðstoðar við ýmis verkefni febrúar–maí árið 2007 og Svanhildur Sæmundsdóttir tók að sér ýmis verkefni fyrir hljómsveitina starfsárið 2007-2008. Frá haustinu 2008 hefur Svanhildur verið til aðstoðar á tónleikum hljómsveitarinnar.

Starfsemi-Tónleikar

Frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hefur hljómsveitin flutt fjórar til fimm efnisskrár að meðaltali á hverju ári og leikið nánast allar tegundir klassískrar tónlistar. Haldnir hafa verið tónleikar víða um land þó aðaltónleikastaður hljómsveitarinnar sé Akureyri.

Á sextán fyrstu starfsárum hljómsveitarinnar hafa verið leiknir 108 almennir tónleikar með 89 efnisskrám, nítján tónleikar hafa verið endurteknir. Til að leika sér örlítið með tölur má nefna að SN hefur á þessum árum leikið tuttugu sinfóníur eftir átta tónskáld. Þá hafa 40 einleikarar og 57 einsöngvarar komið fram með hljómsveitinni. Samtals hefur SN leikið verk eftir 131 tónskáld og titlar verka sem leikin hafa verið eru 384 talsins.

Tónleikaskrá er gefin út fyrir hverja tónleika. Þar er að finna upplýsingar um efnisskrá tónleikanna og flytjendur. Einnig er skrifað um tónskáldin og verkin sem leikin eru hverju sinni. Þeir sem hafa skrifað undir nafni í skránnar eru Sigurjón Halldórsson, Marek Podhajski, Margrét Björgvinsdóttir, Daníel Þorsteinsson, Gunnar Egilsson, Ingveldur G. Ólafsdóttir og Ívar Aðalsteinsson.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hafa verið hljóðritaðir frá árinu 2000 til eignar í heimildasafni hljómsveitarinnar. Um hljóðritanir fyrir SN hafa Karl Petersen, Kristján Edelstein og Kjartan Ólafsson að mestu leyti séð.

Verkefni

Þegar sett er saman efnisskrá fyrir tónleika hjá SN er að ýmsu að hyggja. Hljóðfæraleikarar eru ekki fastráðnir heldur er verkefnaráðið fyrir hverja tónleika. Mikilvægt er því þegar sett er saman efnisskrá að verk sem valin eru saman á tónleika hafi líka hljóðfæraskipan þannig að hljóðfærakostur nýtist sem best. Samhliða því þarf að gæta þess að efnisskráin verði heildstæð. Í gegnum árin hefur verið afar mikil fjölbreytni í verkefnavali og hljómsveitin hefur leikið verk frá flestum tímabilum tónlistarsögunnar, allt frá barrok til nútímatónlistar.

Tónverk samin fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN) hefur fengið íslensk tónskáld til liðs við sig til að semja tónverk fyrir hljómsveitina, alls átta verk.

Á fyrsta starfsári SN var Haukur Tómasson fenginn til að semja fyrir hljómsveitina. Tónverkið nefnist *Árhringur* og var frumflutt á tónleikum í apríl 1994.

Í febrúar 1995, á Myrkum músíkdögum, frumflutti hljómsveitin verk eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson, *Næturregn*, sem hann samdi að beiðni SN í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi.

Snorri Sigfús Birgisson var fenginn til að semja *Píanókonsert* sem hann frumflutti með hljómsveitinni í janúar 1997.

Draumar og dansar nefnist víólukonsert sem Oliver Kentish samdi fyrir SN og var frumfluttur í mars 2003. Einleikari á víólu var Guðmundur Kristmundsson.

Fjögur verk hafa verið síðan verið samin fyrir hljómsveitina þar sem sérstaklega er hugað að tónlist fyrir börn.

Á aðventutónleikum 2001 var frumflutt *Rigning í himnaríki* eftir John Speight við sögu eftir Hjörleif Hjartarson, sögumaður var Arnór Benónýson.

Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi tónverk fyrir aðventutónleika 2004, *Stjarnan mín og stjarnan þín* við sögu eftir Jón Guðmundsson. Sögumaður á tónleikunum var Þráinn Karlsson.

Haustið 2001 var Tryggvi M. Baldvinsson fenginn til að semja tónverk við smásögu eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson. Nefndist verkið *Lykillinn* og var flutt á skólatónleikum starfsárið 2001-2002, sögumaður var Skúli Gautason. Verkið var síðan flutt aftur starfsárið 2008-2009 og var Hannes Örn Blandon þá sögumaður.

Haustið 2005 var síðan flutt á skólatónleikum verk eftir Snorra Sigfús Birgisson við söguna *Stúlkan í turninum* eftir Jónas Hallgrímsson. Snorri samdi verkið að beiðni SN og var hann jafnframt sögumaður á tónleikum. Í framhaldi af skólatónleikum var verkið síðan tekið upp og gefið út á geisladisk.

Hljóðfæraleikarar

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN) er ekki skipuð fastráðnum hljóðfæraleikurum, í hljómsveitina er verkefnaráðið fyrir hverja tónleika. Þó hefur komið til tals að fastráða lítinn hóp sem myndað gæti kjarna hljómsveitarinnar, sinfóníettu. Sumarið 1999 voru af hálfu SN gerðar tillögur að samningi milli SN og Akureyrarbæjar þar sem gert var ráð fyrir fastráðningu allt að þrettán hljóðfæraleikara í 40% starf. Var þarna um að ræða samtals rúmlega 5 stöðugildi. Á bak við hvert 40% starf var ætlast til að hljóðfæraleikari léki sautján tónleika á ári auk skólatónleika. Skiptingin væri fimm hljómsveitartónleikar, tólf kammertónleikar og 20 skólatónleikar. Þessar hugmyndir náðu þó ekki fram að ganga, það skortir fjármagn. Hugmyndin er vissulega þess virði að taka fram á ný og skoða því fastur kjarni í hljómsveitinni getur opnað fyrir ýmsa nýja möguleika og gefið hljóðfæraleikurum tækifæri til að spila meira saman. Á hinn bóginn fengju aðeins þrettán hljóðfæraleikarar þessi reglulegu tækifæri. Kosturinn við að verkefnaráða fyrir hverja tónleika er m.a. sá að það gefur hljómsveitinni visst svigrúm í verkefnavali. Hljóðfæraleikaraverk á árunum 1993-2009 eru samtals orðin 3717.

Sólistar / sögumenn

Fjölmargir einleikarar og einsöngvarar hafa komið fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Einleikarar með hljómsveitinni eru orðnir 40 talsins og fjölbreytni mikil. Leikið hefur verið á strengjahljóðfæri, blásturshljóðfæri, píanó, orgel, hörpu og bandoneon. Einsöngvarar sem komið hafa fram með hljómsveitinni eru nokkuð fleiri eða 57 talsins. Sögumenn á tónleikum hljómsveitarinnar hafa verið 9.

Hljómsveitarstjórar

Aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Frá stofnun SN hefur hljómsveitin fjórum sinnum fengið gestastjórnendur til liðs við sig. Á fyrsta starfsári hljómsveitarinnar, í febrúar 1994 var það Gerrit Schuil sem stjórnaði Vínartónleikum hljómsveitarinnar. Í október 1998 stjórnaði Giovanni Andreoli tónleikum sem voru haldnir til minningar um Jóhann Konráðsson söngvara. Í maí árið 2002 stjórnaði Oliver Kentish tónleikum þar sem flutt voru verk eftir W.A. Mozart og L. van Beethoven og í febrúar 2008 var norskur stjórnandi Bjarte Engeset fenginn til að vinna með hljómsveitinni. Á þeim tónleikum voru m.a. leikin verk eftir J. Ibert og L. van Beethoven. Vonast er til að fleiri tækifæri gefist í framtíðinni að fá gestastjórnendur til liðs við hljómsveitina.

Guðmundur Óli Gunnarsson

Guðmundur Óli (1961) stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Kópavogi og Tónlistarskólann í Reykjavík en fór síðan til náms við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi og lauk þaðan prófi í hljómsveitarstjórn. Hann stundaði framhaldsnám hjá Jorma Panula í Helsinki og sótti nokkur námskeið í hljómsveitarstjórn. Guðmundur Óli hefur starfað sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði á tónleikum og við upptökur. Hann hefur komið fram sem stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur, Íslensku hljómsveitarinnar og CAPUT. Hann hefur unnið upptökur fyrir útvarp og útgáfur hér heima og erlendis. Guðmundur Óli hefur stjórnað frumflutningi verka margra tónskálda, stjórnað óperuuppfærslum svo og kórum og hljómsveitum áhugamanna og nemenda.¹⁰

Tónleikastaðir

Eitt af stóru málunum sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur staðið frammi fyrir á hverju ári fram til þessa er spurningin um tónleikastað. Ýmsir staðir innan og utan Akureyrar hafa verið nýttir til tónleikahalds þó flestir tónleikar hafi farið fram í kirkjum bæjarins. Af 108 tónleikum á fyrstu 16 starfsárum hljómsveitarinnar voru 75 haldnir á

¹⁰ Tónleikaskrá SN 2007

Akureyri, þar af 45 í kirkjum bæjarins og 30 annarstaðar í bænum, aðallega í íþróttahúsum sem breytt var í tónleikahús með talsverðri fyrirhöfn.

Það að hafa ekki haft aðgang að föstu húsnæði til tónleikahalds hefur gert það að verkum að laga verður tónleika hljómsveitarinnar að annarri starfsemi, t.d. að safnaðar- og félagsstarfi í kirkjum bæjarins og starfsemi íþróttahúsa.

Mikil vinna liggur á bak við það að gera húsnæði tónleikahæft fyrir sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin er misstór eftir tónleikum, allt frá því að vera lítil sinfónietta upp í 60 manna hljómsveit. Huga þarf að upphækkun, þ.e. byggja svið undir hljómsveitina. Það er ekki einungis gert til að áhorfandinn sjái betur heldur er það einnig spurningin um hljómgæði, að hljómsveitin spili ekki beint á áheyrandann heldur uppfyrir. Þegar hljómsveitin leikur í stærri íþróttahúsum, t.d. Íþróttahöllinni á Akureyri, er hljóðkerfi nauðsynlegt.

Tónleikaferð til Grænlands september 2002

Haustið 2002 nánar tiltekið þann 9. september fór SN í tónleikaferð til Grænlands. Ferðin hafði verið undirbúin og skipulögð meira og minna frá áramótum af þáverandi framkvæmdastjóra Þórarni Stefánssyni. Það var þó tvísýnt hvort af þessari ferð yrði því ekki hafði tekist að fá nægjanlegt fjármagn. Óvænt og á síðast sprettinum barst ein milljón króna frá velviljuðum aðila sem ekki vildi láta sín getið. Sá peningur skipti sköpum varðandi þessa ferð og á fundi stjórnar SN þann 7. ágúst 2002 var ákvörðun varðandi ferðina staðfest.

Þessi ferð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands var liður í verkefni á vegum Akureyrarbæjar undir yfirskriftinni Vest-Norden 2002. Verkefnið átti að styrkja tengsl og efla samvinnu milli nágrannalandanna Íslands, Grænlands og Færeyja á ýmsum sviðum menningar, lista og atvinnulífs. Auk Akureyrarbæjar styrktu verkefnið Nordisk Kulturfond, Menntamálaráðuneytið og Nuuk kommune. Tónleikar voru haldnir í Katuaq, Grönlands Kulturhus. Efnisskráin var unnin í samstarfi við Grænlandinga, frumflutt var verk eftir grænlenst tónskáld *Per Rosing* og grænlenst kórar sungu með hljómsveitinni. Einleikari á fiðlu var dönsk stúlka búsett í Grænlandi, *Hanne Qvist*.

Skólatónleikar

Um árabíl hefur lítil hljómsveit á vegum SN heimsótt skóla á Akureyri og í nágrenni, leikið fyrir nemendur, kynnt þeim hljóðfæri og fengið þá til að taka þátt í tónlistarflutningi. Starfsárið 1999-2000 voru fyrstu skólatónleikarnir haldnir en þá var flutt tónverkið Djákninn á Myrká eftir John Speight. Grunnskólarnir á Akureyri og Eyjafirði voru heimsóttir og haldnir samtals tuttugu tónleikar. Hljóðfæraleikarar á þessum skólatónleikum voru 8 talsins og sögumaður var Aðalsteinn Bergdal leikari. Þóttu tónleikarnir heppnast ákaflega vel og því var ákveðið að halda áfram að vinna að tónleikum innan grunnskólanna. Nú hafa skólatónleikar fest sig í sessi og starfsárið 2007-2008 voru heimsóttir skólar allt frá Skagafirði austur á Þórshöfn og haldnir yfir 30 tónleikar fyrir nemendur í 18 skólum.

Aðal styrktaraðilar skólatónleika SN hafa verið KEA, Menningarráð Eyþings, Menningarborgarsjóður, Pokasjóður og Sparisjóðir á Norðurlandi.

Tónverk samín fyrir skólatónleika

SN hefur í tvígang látið semja tónverk til flutnings á skólatónleikum. Í bæði skiptin var um að ræða tónverk sem samið var við sögu og flutt á tónleikum með sögumanni.

Lykillinn

Starfsárið 2001-2002 var Tryggvi M. Baldvinsson fenginn til að semja tónverk við smásögu eftir Sveinbjörn I Baldvinsson. Nefndist verkið Lykillinn og fjallaði um Benna og hundinn hans Smala í sveitinni hjá ömmu og afa. Skemmtilegt og afar myndrænt ævintýri sem var vel tekið innan skólanna. Starfsárið 2008-2009 var verkið tekið til flutnings á ný á skólatónleikum. Tónverkið var styrkt af Menningarborgarsjóði.

Stúlkan í turninum

Árið 2004 var Snorri Sigfús Birgisson tónskáld fenginn til að semja tónverk til flutnings á skólatónleikum hljómsveitarinnar. Snorri samdi tónverk við söguna Stúlkan í turninum eftir Jónas Hallgrímsson og skilaði tónverki til flutnings fyrir 13 manna símfóníettu haustið 2004. Vegna verkfalls grunnskólakennara var verkið ekki tekið til flutnings fyrr en haustið 2005. Haldnir voru 26 tónleikar í 18 skólum og hlaut verkið afar góðar viðtökur. Má segja að Snorri hafi fylgt verkinu vel eftir því hann var sjálfur sögumaður á tónleikunum.

Útgefið efni

Stúlkun í turninum

Í nóvember 2006 kom út geisladiskur með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Um er að ræða tónverk eftir Snorra Sigfús Birgisson við ævintýrið um Stúlkuna í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Snorri Sigfús samdi tónverkið að beiðni SN sem flutti það á skólatónleikum í grunnskólum á Norðurlandi haustið 2005. Upptaka á tónverkinu var gerð í tónlistarhúsinu Laugarborg í janúar árið 2006. Í bæklingi með geisladiskinum er ævintýri Jónasar prentað í heild sinni með myndskreytingum listakonunnar Veronicu Nahmias, sem búsett er í Hollandi og vel þekkt þar í landi m.a. fyrir að myndskreyta barnabækur. Þá er í bæklingnum ritgerð eftir Pál Valsson sem hann nefnir Jónas og uglurnar.

Útgáfan var styrkt af afmælisnefnd Jónasar Hallgrímssonar í tilefni af 200 ára ártíð skáldsins.

Afmælistónleikar BM – Vallá

Útitónleikar sem haldnir voru í Listagilinu á Akureyri á Akureyrarvöku 26. ágúst árið 2008 voru teknir upp og gefnir út á mynndiski. Tónleikarnir voru kostaðir af fyrirtækinu BM Vallá í tilefni 60 ára afmælis fyrirtækisins. Á þessum tónleikum komu fimm einsöngvarar fram með hljómsveitinni, en það voru þau Arndís Halla Ásgeirsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Kolbeinn Ketilsson, Ólafur Kjartan Sigurðarson og Kristinn Sigmundsson. Stjórnandi var Guðmundur Óli Gunnarsson. Fyrirtækið gaf síðan hljómsveitinni upplagið af diskunum til ráðstöfunar. Má segja að þessir tónleikar á Akureyrarvöku, ásamt tónleikum á Menningarnótt í Reykjavík viku fyrr, hafi verið eitt viðamesta verkefnið sem hljómsveitin hefur tekist á við.

Tónaveisla

Tónaveisla nefnist myndband sem tekið var upp á tónleikum 28. mars 2002 í Íþróttahöllinni á Akureyri. Þar komu fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Óskar Pétursson, Karlaóráinn Heimir og Álftagerðisbræður. Stjórnandi á tónleikunum var Guðmundur Óli Gunnarsson. Um upptöku og útgáfu myndbandsins sá Listalíf.

Samstarfsaðilar

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur átt samstarf við ýmsa aðila. Má þar m.a. nefna Kórastefnu við Mývatn og þátttöku SN í Kirkjulistavíku Akureyrarkirkju. Einnig hefur hljómsveitin verið í samstarfi við Kirkju- og menningarmiðstöðina í Fjarðabyggð um tónleikahald á Austurlandi. Íþróttafélögin á Akureyri hafa einnig starfað töluvert með hljómsveitinni. Má til dæmis nefna tónleika með Kristjáni Jóhannssyni, „Til mömmu“, þar sem KA menn báru hitann og þungann af undirbúningi og Aðventuveislur á árunum 2005-2008 sem voru hugmynd Knattspyrnudeildar Þórs og unnið í samstarfi við Þór. BM-Vallá kostaði tónleika sem haldnir voru sumarið 2006 á Akureyri og í Reykjavík. Leikfélag Akureyrar og SN hafa átt gott samstarf á undanförunum árum bæði hvað varðar leiksýningar á vegum LA og tónleika á vegum SN.

Ýmsir fleiri aðilar hafa átt samstarf við SN svo sem Listalíf vegna Óperutónleika á skírdag 2002, Ís-Nord með tónleika á Reykholtshátíð 2006, AIM-festival á Akureyri í júní 2007 og Ópera Skagafjarðar árið 2007. Þá ber að nefna þátttöku SN í 100 ára afmæli Hafnarfjarðar vorið 2008. Síðast en ekki síst ber þó að nefna farsælt samstarf sem SN hefur átt við Tónlistarskólann á Akureyri frá stofnun hljómsveitarinnar.

Einnig hefur hljómsveitin átt afar gott samstarf við ýmsa kóra á landinu og hafa alls 32 kórar tekið þátt í tónleikahaldi með SN.

Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur fjórum sinnum tekið þátt í hátíðartónleikum á Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju.

Árið 1999 var Messe Solenelle de Sainte Cécile eftir Charles Gounod flutt á tónleikum í Íþróttaskemmunni á Akureyri. Einnig var flutt Passacaglia eftir Pál Ísólfsson. Flytjendur með hljómsveitinni voru kirkjukórar á Eyjafjarðarsvæðinu og einsöngvararnir Björg Þórhallsdóttir, Óskar Pétursson og Jóhann Smári Sævarsson.

Árið 2001 voru Svanavatnið eftir P.I. Tchaikowsky og Messa di Gloria eftir Giacomo Puccini flutt í Íþróttaskemmunni á Akureyri. Þátttakendur voru Kór Akureyrarkirkju, Kór Glerárkirkju, Karlakór Akureyrar-Geysir og Samkór Svarfdæla. Einsöngvarar voru Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Michael Jón Clarke.

Árið 2003 var Requim eftir G. Verdi flutt á hátíðartónleikum í Íþróttahöllinni. Kórar sem tóku þátt voru Kór Akureyrarkirkju Kór Langholtskirkju og Kammerkór Norðurlands. Einsöngvarar voru Björg Þórhallsdóttir, Annamaria Chiuri, Kristján Jóhannsson og Kristinn Sigmundsson.

Árið 2007 voru Hátíðartónleikar Kirkjulistaviku í Akureyrarkirkju þar sem á efnisskrá var Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur eftir P.I. Tchaikowsky, Sinfónía fyrir orgel og hljómsveit eftir F.A.Guilmant og Te deum eftir A. Dvorák. Kórar sem tóku þátt voru Kór Akureyrarkirkju og Kammerkór Norðurlands. Einleikari var Björn Steinar Sólbergsson og einsöngvarar voru Hanna Dóra Sturludóttir og Ágúst Ólafsson.

Knattspyrnudeild Þórs

Haustið 2005 komu forsvarsmenn Knattspyrnudeildar Þórs að máli við stjórn SN með þá hugmynd að þessir aðilar tækju sig saman og héldu veislu á aðventunni. Hugmyndin var að hafa jólatónleika í Íþróttahöllinni og að loknum tónleikunum væri jólahlaðborð. Hugmyndin þótti góð og farið var af stað með verkefnið. Aðventuveislur voru haldnar með þessu sniði í tvö ár og voru viðtökur afar góðar. Á aðventunni 2005 voru einsöngvarar þau Björg Þórhallsdóttir og Óskar Pétursson ásamt Stúlknakór Akureyrarkirkju. Ári síðar komu Hulda Björk Garðarsdóttir og Ólafur Kjartan

Sigurðarson fram ásamt Karlakór Dalvíkur. Árið 2007 var Garðar Thor Cortes einsöngvari og um kórsöng sá Söngfélagið Sálubót. Á aðventunni árið 2008 voru tónleikarnir fluttir í Íþróttahús Glerárskóla. Einsöngvarar voru Dísella Lárusdóttir og Jóhann Smári Sævarsson og Kvennakór Akureyrar var fenginn til samstarfs.

Kórastefna við Mývatn

Þátttaka Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í Kórastefnu við Mývatn hófst í júní 2002. Þá flutti SN ásamt kórum Krýningarmessu eftir W.A. Mozart. Næst tók SN þátt í Kórastefnu vorið 2004 en þá var flutt óratórían Sköpunin eftir J. Haydn. Messías eftir Georg Friedrech Händel var á efnisskránni vorið 2005 og ári síðar Requim eftir W.A. Mozart. Mass of the Children eftir John Rutter var flutt árið 2007 og árið 2008 var hið margfræga verk Carmina Burana eftir Carl Orff á efnisskránni. Vorið 2009 var flutt Messa í As dúr eftir Franz Schubert. Fjölmargir einsöngvarar hafa komið fram með hljómsveitinni á Kórastefnu og margir ungir einsöngvarar fengið tækifæri til að spreyta sig þar. Listrænn stjórnandi kórastefnu við Mývatn er Margrėti Bóasdóttir. Hefur þetta samstarf SN við Kórastefnu verið farsælt og gefið hljómsveitinni aukin tækifæri.

BM-Vallá

Eitt stærsta verkefni sem hljómsveitin hefur tekið þátt í eru 60 ára afmælistónleikar BM–Vallá árið 2006. Óskað var eftir þátttöku Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í þessu afmæli. Hugmyndin var að halda tvö tónleika, annarsvegar í Reykjavík á Menningarnótt og hinsvegar á Akureyri á Akureyrarvöku. Það gekk eftir, 50 manna hljómsveit ásamt 5 einsöngvurum sem voru þau Arndís Halla Ásgeirsdóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir alt, Kolbeinn Ketilsson tenór, Ólafur Kjartan Sigurðarson baritón, og Kristinn Sigmundsson bassi. Stjórnandi á tónleikunum var Guðmundur Óli Gunnarsson. Tónleikar voru haldnir á Miklatúni á menningarnótt þann 18. ágúst 2006 og viku síðar þann 25. ágúst í Listagilinu á Akureyrarvöku. Talið er að samtals hafi áheyrendur verið í kringum um 20 þúsund.

Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar

Sumarið 2005 óskaði Davíð Baldursson prestur á Eskifirði eftir samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands við Austfirðinga vegna tónleikahalds. Í september 2005 var undirrituð viljayfirlýsing til fimm ára varðandi samstarf um tónlistarflutning milli Kirkju- og menningarmiðstöðvarinnar á Eskifirði og SN. Í viljayfirlýsingunni segir m.a.:

Tilgangur með samstarfi þessu er að gefa tónlistarfólki og kórfólki eystra og nyrðra aukin tækifæri til listsköpunar svo og að gefa fólki á þessum stöðum aukin tækifæri til að njóta lifandi flutnings sígilda tónlistarverka. Miða skal að einu stóru samstarfsverkefni á ári.¹¹

Fyrsta samstarfsverkefnið með Austfirðingum var óratórían Messías eftir G.F. Händel. Tónleikarnir voru haldnir á Eskifirði og Egilsstöðum 27. nóvember 2005. Einsöngvarar voru Steinrún Ótta Stefánsdóttir, Erla Dóra Vogler, Þorbjörn Rúnarsson og Valdimar Másson. Kórinn var blandaður kór af Austurlandi.

Það var skammt stórra högga á milli því á sama starfsári eða 27. maí 2006 var Sköpunin eftir J. Haydn flutt á Eskifirði og Egilsstöðum. Einsöngvarar voru Xu Wen, Tinna Árnadóttir, Þorbjörn Rúnarsson, Þorbjörn Björnsson og Keith Reed. Kórinn var blandaður kór af Austurlandi.

Í október og nóvember 2007 var síðan tekið til flutnings Requiem eftir G. Fauré. Það var flutt annarsvegar í Gleráarkirkju á Akureyri 27. október og hinsvegar á Eskifirði 3. nóvember. Í tónleikunum tóku þátt Kór Gleráarkirkju og blandaður kór af Austurlandi. Einsöngvarar á Akureyri voru Helena Guðlaug Bjarnadóttir og Michael Jón Clarke. Einsöngvarar á Eskifirði voru Steinrún Ótta Stefánsdóttir og Herbjörn Þórðarson. Einnig var á efnisskrá tónleikanna Pavane eftir Maurice Ravel og Konsert fyrir óbó og strengi eftir Tomaso Albinoni. Einleikari á óbó var Gillian Haworth.

¹¹ Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði

Leikfélag Akureyrar

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur í tvígang tekið þátt í stórum uppfærslum hjá Leikfélagi Akureyrar auk samstarfsverkefna á tónleikum SN. Leikfélag Akureyrar hefur á undanförunum árum liðsinnt hljómsveitinni á ýmsan hátt, m.a. með aðstöðu fyrir tónleika og umsjón með miðasölu.

Söngvaseiður

Söngvaseiður eftir Richard Rogers var settur á svið hjá Leikfélagi Akureyrar á vormisseri 1998. Fjórtán manna hljómsveit undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar lék með á sýningum.

Óliver

Starfsárið 2004-2005 var flutti Leikfélag Akureyrar söngleikinn Óliver eftir Lionel Bart með þáttöku þrettán manna hljómsveitar SN undir stjórn GÓG.

Í framhaldi af sýningum á Óliver voru lög úr söngleiknum flutt á fjölskyldutónleikum í Samkomuhúsinu.

Sagan af Dátanum

Á Akureyrarvöku í ágúst 2008 var flutt Sagan af dátanum eftir Igor Stravinsky. Leikfélag Akureyrar lagði hljómsveitinni lið með því að leggja til leikara í sögumannshlutverkið. Í október árið 2009 var verkið sett á svið í Samkomuhúsinu á Akureyri með þrem leikurum, sögumanni og sjö manna hljómsveit.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Tónlistarskólinn á Akureyri og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hafa átt farsælt samstarf allt frá stofnun hljómsveitarinnar. Fyrst ber þess að geta að SN hefur skrifstofuaðstöðu innan skólans og nýtur góðs af hljóðfærakosti og allri aðstöðu sem skólinn hefur að bjóða. Það má segja að stofnanirnar þrífist hvor á annarri. Það væri líklega engin Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á Akureyri ef skólinn væri ekki eins blómlegur og hann er. Eins má segja að SN sé visst aðdráttarafl fyrir tónlistarkennara sem koma til starfa í skólann og nágrenni Akureyrar.

Samstarfsverkefni hljómsveitarinnar og skólans hafa verið nokkur í gegnum árin. Á aðventutónleikum árið 2002 tóku Suzuki fiðlunemendur frá Reykjavík, Reykjanesbæ, Borgarfirði og Akureyri þátt og var undirbúningur nemenda fyrir þá tónleika að miklu leyti í höndum kennara við TA. Á aðventunni 2004 léku gítarsveit, blásarasveit og flautusveit skólans með hljómsveitinni.

Í febrúar árið 2006 var 60 ára afmæli Tónlistarskólans fagnað með glæsilegum tónleikum þar sem einleikarar og einsöngvarar úr röðum nemenda skólans komu fram.

Í mars 2007 var strengjasveit skólans þátttakandi í tónleikum SN og Lára Sóley Jóhannsdóttir kennari við TA lék einleik á fiðlu.

Í apríl 2008 var blásið til veislu í orðsins fyllstu merkingu en þá lék Vilhjálmur Ingi Sigurðarson trompetleikari og kennari við TA einleik með SN. Í hljómsveitina var bætt nemendum á efri stigum en alls tóku 30 nemendur þátt í tónleikunum.

Kór Tónlistarskólans á Akureyri hefur þrisvar sinnum sungið með SN. Í dymbilviku 1997 tók kórinn þátt í flutningi á Carmina Burana eftir Carl Orff. Í dymbilviku ári síðar söng kórinn með í Ein Deutsches Requim op. 45 eftir J. Brahms. Kórinn söng síðan á afmælistónleikum skólans í febrúar 2006. Stjórnandi kórsins á þessum árum var Michael Jón Clarke.

Þó ekki hafi alltaf verið formlegt samstarf um tónleikahald milli SN og TA hafa nemendur skólans sem komnir eru á framhaldsstig leikið með hljómsveitinni allt frá stofnun hennar. Fyrst og fremst hefur verið um strengja- og slagverksnemendur að ræða

en á fyrstu árum hljómsveitarinnar var einnig talsvert um blásaranemendur. Kennarar sjá um undirbúning sinna nemenda og er þátttaka nemenda í tónleikum SN hluti af hljómsveitarþjálfun þeirra innan skólans. Sinfóníuhljómsveitin greiðir ákveðna upphæð fyrir hvern þann nemanda sem spilar með á tónleikum hljómsveitarinnar í Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur. Nemendur sem ljúka námi við TA hafa möguleika á að sækja um styrk í Þorgerðarsjóð vegna framhaldsnáms.

Lokaorð

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur fest sig í sessi sem menningarstofnun á Norðurlandi. Á þeim árum sem hljómsveitin hefur starfað hefur hún vaxið og dafnað og getið sér gott orð fyrir metnaðarfullan flutning.

Vefurinn er tilraun mín til að varpa ljósi á það starf sem unnið hefur verið í SN fram til þessa. Allan skrifaðan texta reyni ég að hafa knappan þannig að hann sé þægilegur til aflestrar á vef.

Hins vegar eru allmargir hlutir sem ekki eru raktir í þessari samantekt. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er að mörgu leyti umdeild stofnun, um hana hafa oft spunnist umræður, gagnrýni og jafnvel deilur. Opinberir aðilar, ríki og Akureyrarbær, hafa lagt hljómsveitinni til töluvert fé og ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig því er varið. Allar málefnalegar umræður og skoðanaskipti eru af hinu góða. Rekstur á Sinfóníuhljómsveit er viðamikil verkefni og þeir sem að henni standa bera mikla ábyrgð. Við þurfum sífellt að spyrja okkur spurninga um hvernig best sé að standa að slíkum rekstri og hvort við séum á réttri leið.

Ég vil að lokum þakka Önnu Hinriksdóttur leiðbeinanda mínum fyrir góða leiðsögn.

Ásgeir Úlfarsson sá um gerð gagnagrunnsins. Ég þakka honum fyrir afar gott og lærdómsríkt samstarf. Fyrir yfirlestur og leiðréttingar við ég þakka þeim Sigríði Helgu Þorsteinsdóttur, Guðnýju Erlu Guðmundsdóttur og Gunnari Frímannssyni. Arnar Úlfarsson aðstoðaði við að lagfæra myndir og ýmsir vinir og samstarfsaðilar prófuðu vefinn og komu með góðar ábendingar og leiðréttingar. Kann ég öllum bestu þakkir fyrir.

Heimildir

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1994). Staðfesting á skipulagsskrá fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Gunnar Grímsson. (2007). Vefsmíðar - viðmót, hönnun og verklag

Jón Hlöðver Áskelsson. (2001-2009). Umfjöllun um tónleika SN

Kammerhljómsveit Akureyrar. (1998). Lög félags áhugafólks um Kammerhljómsveit Akureyrar

Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði. (2005) Viljayfirlýsing um samstarf um tónlistarflutning

Samningar SN og Akureyrarbæjar frá árinu 1993, 1996, 2000, 2004, 2007

Samningur milli Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Félags íslenskra hljómlistarmanna um kaup og kjör hljómlistarmanna í SN. (2005 og 2008)

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (1993-2009). Fundagerðir

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (1993-2009). Tónleikaskrár SN

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (1993-1998). Ársskýrslur SN

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (1999-2000). Ársskýrsla SN

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (2003). Skýrsla til stjórnar Akureyrarstofu

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (2004-2006). Skýrsla til stjórnar Akureyrarstofu

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (2007). Skýrsla til stjórnar Akureyrarstofu

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. (2008). Skýrsla til stjórnar Akureyrarstofu